

### Álit kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 8. júlí 2015 gaf kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-2/2015:

#### I

##### Álitaefni og kröfugerð

Hinn 6. janúar sl. bað X, hér eftir einnig nefnd álitsbeiðandi, um álit kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna galla sem hún telur vera á skjá fartölvu, sem hún keypti af Y, hér eftir einnig nefnt seljandi. Álitsbeiðandi krefst þess að seljandi geri við skjá tölvunnar, henni að kostnaðarlausu.

#### II

##### Málsmeðferð kærunefndarinnar

Með bréfi, dags. 12. janúar sl., gaf kærunefndin seljanda kost á andsvörum og bárust þau hinn 15. janúar. Með bréfi, dags. 22. janúar, var álitsbeiðanda gefinn kostur á að gera athugasemdir við andsvörin og bárust þær hinn 25. janúar. Með bréfi, dags. 27. janúar, var seljanda gefinn kostur á að koma að frekari andsvörum og bárust þau hinn 17. mars. Með bréfi, dags. 18. mars, var álitsbeiðanda gefinn kostur á frekari athugasemdum og frestur til þess til 1. apríl. Engin frekari gögn bárust nefndinni. Með bréfi, dags. 2. júlí, var aðilum tilkynnt að kærunefndin hefði tekið málið til afgreiðslu.

#### III

##### Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda

Í álitsbeiðni og gögnum sem henni fylgdu kemur m.a. fram að hinn 2. maí 2014 keypti álitsbeiðandi fartölvu af gerðinni Packard Bell Easynote TE69-BM-28204G50Dnsk af seljanda fyrir kr. 49.900. Á sama tíma keypti álitsbeiðandi einnig auka ársábyrgð á tölvuna fyrir kr. 3.500. Í álitsbeiðni kemur fram að álitsbeiðandi hafi notað tölvuna við sama borðið frá því kaup fóru fram þar til nýverið, að hún hafi lokað tölvunni og flutt hana milli herbergja. Þegar hún hafi síðan opnað tölvuna aftur hafi bara komið upp rendur á skjá hennar. Segir álitsbeiðandi að ekkert hafi getað komið fyrir tölvuna þar sem hún var geymd. Segist álitsbeiðandi hafa haft samband við þjónustustjóra seljanda, sem hafi þó talið að tölvunni hefði getað orðið fyrir hnjaski þegar hún var lokað og álitsbeiðandi hélt á henni. Segist álitsbeiðandi engu að síður hafa krafist seljanda um að hann tæki á sig allan kostnað vegna nýs skjás á tölvuna. Því hafi seljandi hins vegar hafnað og þess í stað boðið henni nýja tölvu á kr. 25.000 eða gamlan skjá á kr. 12.500 auk viðgerðarkostnaðar. Telur álitsbeiðandi að tölvunni hafi verið haldin galla og krefst þess að seljandi standi straum af kostnaði við að gera við hana.

Meðfylgjandi álitsbeiðni er afrit af reikningi vegna kaupa á umræddri fartölvu, dags. 2. maí 2014.

#### IV

##### Andsvör seljanda

Í andsvörum, rituðum af þjónustustjóra seljanda, kemur m.a. fram að hin umþrætta tölva hafi verið seld hinn 2. maí 2014. Hinn 11. október 2014 hafi tölvunni komið inn á verkstæði seljanda með brotinn skjá. Seljandi hafi boðið álitsbeiðanda notaðan skjá fyrir kr. 12.900 auk ísetningar fyrir kr. 4.990. Þar sem tölvunni hafi verið seld í lagi, með óbrotnum skjá, sé ekki hægt að verða við kröfum álitsbeiðanda um standa straum af kostnaði vegna viðgerðar

á skjánum. Þá tekur seljandi fram að álitsbeiðandi hafi ekki keypt tryggingu með fartölvunni, en tryggingin hefði líklega náð yfir tjónið á tölvunni.

## V

### **Athugasemdir álitsbeiðanda við andsvör seljanda**

Í athugasemdum álitsbeiðanda við andsvör seljanda kemur m.a. fram að álitsbeiðandi telur að tölvan geti ekki hafa brotnað við það eitt að henni var lokað og hún opnuð aftur. Þá telur álitsbeiðandi að hún hafi keypt tryggingu á búnað, líkt og greini í reikningi fyrir kaupunum og að hún vilji gjarnan fá að vita hvað sé fólgið í þeirri tryggingu. Þá ítrekar álitsbeiðandi fyrri kröfur sínar.

## VI

### **Frekari andsvör seljanda**

Í frekari andsvörum, rituðum af þjónustustjóra seljanda, kemur m.a. fram að seljandi telur sig hafa lagt sig fram við að leysa málið á farsælan máta með því að bjóða álitsbeiðanda viðgerð á skjá tölvunnar. Þá tekur seljandi fram að samkvæmt reikningi vegna kaupa á tölvunni hafi álitsbeiðandi ekki keypt tryggingu á umrædda tölvu, heldur aðeins aukaár í ábyrgð á tölvunni. Aukaár í ábyrgð bæti við einu ári í ábyrgð umfram lögbundna tveggja ára ábyrgð. Nái sú ábyrgð til allra hluta sem hefðbundin framleiðsluábyrgð nái til.

## VII

### **Niðurstaða kærunefndarinnar**

Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og seljanda falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. lög nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa. Ágreiningur aðila fellur undir nr. 48/2003 um neytendakaup.

Eins og að framan er rakið keypti álitsbeiðandi fartölvu af gerðinni Packard Bell Easynote TE69-BM-28204G50Dnsk af seljanda hinn 2. maí 2014 fyrir kr. 49.900. Mun skjár tölvunnar hafa brotnað, án sýnilegrar ástæðu, að mati álitsbeiðanda, og fékk seljandi tölvuna afhenta hinn 11. október 2014, þ.e. 6 mánuðum og 9 dögum eftir að kaupin fóru fram. Í gögnum málsins kemur ekki nákvæmlega fram hvenær skjárinn brotnaði og verður því að miða við þá dagsetningu.

Um galla er fjallað í 15. og 16. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup. Í a-lið 1. mgr. 16. gr. segir að söluhlutur teljist gallaður ef „hann sé ekki í samræmi við þær kröfur sem fram koma í 15. gr.” Í b-lið 2. mgr. 15. gr. segir að söluhlutur skuli „hafa þá eiginleika til að bera sem neytandinn mátti vænta við kaup á slíkum söluhlut að því er varðar endingu og annað.” Söluhlutur telst þó ekki gallaður nema gallinn sé „hvorki sök neytanda né stafar af aðstæðum sem hann varða” eins og segir í 1. mgr. 26. gr. laganna.

Ekki er um það deilt að skjár á tölvu þeirri er álitsbeiðandi keypti hinn 2. maí 2014 er brotinn. Hlutlægt séð er tölvan því haldinn galla í skilningi 16. gr. laganna, sbr. 15. gr. sömu laga. Í 2. mgr. 18. gr. laganna er að finna reglu um sönnun á galla. Þar segir m.a.: „Ef annað sannast ekki skal galli, sem upp kemur innan sex mánaða frá því tímamarki þegar áhættan af söluhlut fluttist yfir til neytanda, talinn hafa verið til staðar á því tímamarki þegar áhættan af söluhlut fluttist yfir til neytanda.“ Samkvæmt framangreindu lagaákvæði hvílir sönnunarbyrðin fyrir því að tölvan sé ekki haldin galla á seljanda fyrstu 6 mánuðina eftir að kaup fara fram. Að þeim tíma liðnum færast sönnunarbyrðin yfir á neytanda, í þessu tilviki álitsbeiðanda. Umrædd bilun kom fram rétt rúmum 6 mánuðum eftir kaupin. Engin gögn hafa verið lögð fyrir kærunefndina sem benda til þess að galli í fartölvu álitsbeiðanda hafi valdið

því að skjár hennar brotnaði, en sönnunarbyrðin fyrir því að um galla sé að ræða hvílir sem fyrir greinir á álitsbeiðanda.

Verður því ekki annað séð en að umræddur galli sé sök álitsbeiðanda eða stafi af aðstæðum sem hann varði í skilningi áður nefndrar 1. mgr. 26. gr. laganna. Þegar af þeim sökum verður að hafna kröfum álitsbeiðanda.

Þá verður ekki séð af gögnum málsins að álitsbeiðandi hafi keypt sérstaka tryggingu á umrædda tölvu, líkt og hún heldur fram. Hins vegar keypti álitsbeiðandi auka ársábyrgð af seljanda. Í andsvörum seljanda kemur fram að: „Aukaár í ábyrgð bætir við einu ári í ábyrgð umfram lögbundna 2ja ára ábyrgð. Aukaár í ábyrgð nær til allra hluta sem hefðbundin framleiðsluábyrgð nær til.“ Kærunefndin fær ekki séð að umrædd ábyrgð bæti nokkru við þau réttindi sem álitsbeiðandi nýtur skv. lögum nr. 48/2003 um neytendakaup, nema ef fallist yrði á það að umrædd tölva sé ekki söluhlutur sem hægt sé að bera fyrir sig galla á í lengri tíma en 2 ár, skv. 2. mgr. 27. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup. Þar sem ekki reynir sérstaklega á það hér, verður ekki tekin sérstök afstaða til aukaábyrgðar seljanda.

## **VIII** **Álitsorð**

Kröfum álitsbeiðanda, X, er hafnað.

---

Pétur Örn Sverrisson  
formaður

---

Jón Rúnar Pálsson

---

Hildigunnur Hafsteinsdóttir